



21. febrúar 2019

Inngangsorð seðlabankastjóra á opnum fundi efnahags- og viðskiptanefndar um störf peningastefnunefndar

Ég mæti hér í síðasta sinn á fund nefndarinnar um skýrslu peningastefnunefndar því á næsta slíkum fundi verður kominn nýr seðlabankastjóri. Rannveig Sigurðardóttir er hins vegar hér í fyrsta skipti sem aðstoðarseðlabankastjóri.

Þið hafið fengið senda skýrslu peningastefnunefndar um störf sín á seinni hluta síðasta árs auk mikils annars efnis. Meðal þess eru síðustu Peningamál með nýjustu þjóðhags- og verðbólguþá bankans, nýleg yfirlýsing peningastefnunefndar og fundargerð nefndarinnar sem birtist í gær. Ég get því stýtt mál mitt í þessum inngangsorðum.

Það eru fimm mánuðir síðan fulltrúar peningastefnunefndar komu síðast á fund efnahags- og viðskiptanefndar. Gengi krónunnar er nú 7% lægra en þá og verðbólga hefur aukist úr 2,6% í 3,4%. Verðbólguvæntingar hafa einnig hækkað og verðbólguhorfur hafa versnað. Á sama tíma hafa horfur um hagvöxt versnað á þessu ári sem verður samkvæmt spá bankans sá minnsti síðan árið 2012. Margvíslegar vísbendingar og spá bankans benda til þess að spenna í þjóðarþúskapnum slakni nú hratt en það er þó ekki reiknað með samdrætti nema ný áföll ríði yfir.

Vextir Seðlabankans voru hækkaðir í nóvember sl. um 0,25 prósentur vegna verri verðbólguhorfa og hærri verðbólguvæntinga. Þeir hafa verið óbreyttir síðan. Framhaldið mun velta á framvindunni og þá aðallega hversu hratt spenna slaknar og hvernig gengi krónunnar og verðbólga þróast. Niðurstaða kjarasamninga getur haft töluverð áhrif hvað það varðar en einnig þróun í flugrekstri og ferðaþjónustu og alþjóðleg efnahagsþróun.

Eins og sjá má í fundargerð peningastefnunefndar sem birtist í gær ræddi nefndin á síðasta fundi sínum hvort forsendur væru að skapast til að lækka frekar eða færa niður í núll bindihlutfall hinnar sérstöku bindiskyldu á fjármagnsinnstreymi. Voru nefndarmenn sammála um að aðstæður væru til að taka næstu skref til að draga úr bindingunni. Samkvæmt lögum er þessi binding ekki eitt af þeim tækjum sem er á forræði peningastefnunefndar. Ég hef hins vegar talið rétt að nefndin geti látið í ljós álit sitt áður en tillaga Seðlabankans til ráðherra er mótuð. Í ljósi þessarar afstöðu og umsagnar Seðlabankans um frumvarp um losun aflandskróna eru nú verulegar líkur á því að Seðlabankinn muni gera tillögu um verulega lækkan bindingarinnar og jafnvel alveg niður í núll verði frumvarp um losun aflandskróna að lögum á næstunni.